

Úrskurður

Hinn 27. mars 2025 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp svohljóðandi úrskurð nr. 1263/2025 í máli ÚNU 25020010.

Kæra og málsatvik

Með erindi, dags. 16. febrúar 2025, kærði Arnar Arinbjarnarson ákvörðun Ríkisútvarpsins ohf. að synja honum um aðgang að gögnum.

Með erindi til Ríkisútvarpsins, dags. 7. febrúar 2025, óskaði kærandi eftir ákveðnum upplýsingum um tekjur félagsins. Erindinu var svarað 13. febrúar 2025 og kæranda afhent sundurliðun á tekjum félagsins árin 2022 og 2023. Tilgreint var að aðrar tekjur en af almannaþjónustu og samkeppnisrekstri hefðu numið um 25 milljónum kr. árið 2022 og 75 milljónum kr. árið 2023. Að stærstum hluta væri um að ræða tilfallandi styrki af ýmsu tagi en á árinu 2023 hefðu einnig verið tekjufærðar tjónsbætur sem ekki féllu undir almannaþjónustu eða samkeppnisrekstur. Kærandi brást við svarinu samdægurs og óskaði eftir sundurliðun á öðrum tekjum en af almannaþjónustu fyrir árin 2022 og 2023, þ.e. þeim 25 og 75 milljónum kr. sem tilgreindar væru í svarinu, þar sem nafn greiðanda kæmi fram. Í svari Ríkisútvarpsins daginn eftir kom fram að ekki væri unnt að senda slíka sundurliðun niður á einstakar færslur og greiðendur úr bókhaldi félagsins.

Málsmeðferð

Kæran var kynnt Ríkisútvarpinu með erindi, dags. 17. febrúar 2025, og félaginu gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn um kærana. Þá var þess óskað að félagið afhenti úrskurðarnefnd um upplýsingamál þau gögn sem kærana varðar. Að beiðni Ríkisútvarpsins féllst úrskurðarnefndin á að framlengja frest til að bregðast við erindinu til 11. mars.

Umsögn Ríkisútvarpsins barst úrskurðarnefndinni 10. mars 2025. Í umsögninni kemur fram að umbeðnar upplýsingar séu ekki fyrirleggjandi í skilningi upplýsingalaga. Sú sundurliðun sem kærandi óski eftir sé ekki til sem samantekt eða gagn heldur sé um að ræða upplýsingar sem einungis séu aðgengilegar með verulegri vinnu upp úr grunngögnum í bókhaldi félagsins. Þannig megi sem dæmi nefna að árlega tekjufæri félagið styrki sem geti hafa verið greiddir fyrir nokkrum árum en reikningshaldslega séu þeir ekki tekjufærðir fyrr en kostnaður fellur til, t.d. við gerð myndefnis. Í slíkum tilvikum þyrfti að rekja uppruna hvernar færslu í bókhaldi til styrkveitanda. Félagið þyrfti þar af leiðandi að útbúa slíkt gagn eða gögn, eftir því sem hægt væri, með því að vinna þau úr bókhaldsgögnum og/eða eftir atvikum málaskrá.

Umsögn Ríkisútvarpsins var kynnt kæranda með erindi, dags. 12. mars 2025, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum. Þær bárust 26. mars 2025. Í þeim er vísað til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu, nr. 23/2013, þar sem segi að félagið eigi að stuðla að lýðræðislegri umræðu, ábyrgjast að sanngirmi og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dag-skrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast og vera óháð stjórnsmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeð-

ferð og ritstjórnarákvörðunum. Kærandi segir að taki Ríkisútvarpið við styrkjum frá hagsmunaaðilum verði ekki með góðu móti séð hvernig óhæði félagsins í dagskrárgerð sé hafið yfir vafa. Í raun ætti það að vera sérstakt kappsmál að eyða mögulegri tortryggni í garð dagskrárgerðar félagsins með því að birta lista yfir styrkveitendur þess.

Niðurstaða

Mál þetta varðar beiðni um aðgang að sundurliðun á öðrum tekjum Ríkisútvarpsins ohf. en af almannaþjónustu fyrir árin 2022 og 2023, þar sem nafn greiðanda komi fram. Ríkisútvarpið kveður að ekki liggi fyrir gagn með þeirri sundurliðun sem kærandi óski eftir og að félaginu sé samkvæmt upplýsingalögum óskýlt að útbúa slíkt gagn í tilefni af beiðni kæranda.

Úrskurðarnefndin leggur þann skilning í beiðni kæranda sem hin kærða ákvörðun varðar, að hann óski eftir gagni sem innihaldi framangreinda sundurliðun tekna, þ.e. gagn sem innihaldi sundurliðun á þeim 25 og 75 milljónum kr. sem tilgreindar voru í svari Ríkisútvarpsins til kæranda frá 13. febrúar, þar sem nafn greiðanda komi fram, og tekur eftirfarandi niðurstaða mið af því.

Í 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, er mælt fyrir um að upplýsingaréttur almennings nái til fyrirbyggjandi gagna sem varða tiltekið mál og tiltekinna fyrirbyggjandi gagna. Samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. er ekki skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn í ríkari mæli en leiðir af 3. mgr. 5. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um að ef ákvæði 6.–10. gr. laganna eigi aðeins við um hluta gagns skuli veita aðgang að öðrum hlutum þess. Í athugasemdum við 5. gr. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að gildandi upplýsingalögum, nr. 140/2012, segir að skilyrði þess að gagn sé undirorpið upplýsingarétti sé að það liggi fyrir hjá þeim sem fær beiðni um aðgang til afgreiðslu. Þá segir enn fremur að réttur til aðgangs að gögnum nái þannig aðeins til þeirra gagna sem til eru og fyrir liggja á þeim tímapunkti þegar beiðni um aðgang er sett fram og í þeirri mynd sem þau eru á þeim tíma.

Úrskurðarnefndin hefur ekki forsendur til að draga í efa þá fullyrðingu Ríkisútvarpsins að tiltekið gagn með umbeðnum upplýsingum sé ekki fyrirbyggjandi hjá félaginu. Þá er ljóst að ekki væri unnt að kalla fram gagn með þeim upplýsingum sem óskað er eftir með tiltölulega einföldum hætti, svo sem með nokkrum einföldum skipunum í gagnagrunni, heldur þyrfti að sögn félagsins að ráðast í vinnu sem væri meiri að umfangi en sem því nemur. Úrskurðarnefndin hefur ekki forsendur til að draga þær skýringar í efa. Að því virtu og með vísan til 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga verður lagt til grundvallar að gagn með umbeðnum upplýsingum liggi ekki fyrir hjá Ríkisútvarpinu.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. upplýsingalaga er heimilt að bera synjun beiðni um aðgang að gögnum samkvæmt lögnum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Hið sama gildir um synjun beiðni um að afhenda gögn á því formi sem óskað er. Þar sem gagn með umbeðnum upplýsingum liggur ekki fyrir hjá Ríkisútvarpinu er ljóst að ekki er um að ræða synjun beiðni um afhendingu gagna í skilningi 1. mgr. 20. gr. upplýsingalaga. Verður því staðfest hin kærða ákvörðun Ríkisútvarpsins.

Úrskurðarorð


Staðfest er ákvörðun Ríkisútvarpsins ohf., dags. 14. febrúar 2025, að synja beiðni kæranda, Arnars Arinbjarnarsonar, um aðgang að sundurliðun á öðrum tekjum Ríkisútvarpsins en af almannajónustu fyrir árin 2022 og 2023.



Trausti Fannar Valsson
formaður



Hafsteinn Þór Hauksson



Sigríður Arnadóttir